

## Fundarboð

Þann 16. júlí sl. birti umboðsmaður Alþingis niðurstöður frumkvæðisathugunar vegna húsnæðisvanda þeirra einstaklinga sem falla undir hugtakið utangarðsfólk (mál nr. 9164/2016). Í [álitum umboðsmanns](#) er ljósi varpað á vaxandi vanda heimilislausra á höfuðborgarsvæðinu.

Af þessu tilefni ákvað velferðarráð að flýta sérstökum fundi um málefni utangarðsfólks til 10. ágúst nk., en fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Flokks fólksins og Sósíalístaflokks Íslands höfðu jafnframt óskað eftir fundi með tilteknum hagsmunasamtökum. Velferðarráð vill bjóða þeim sem koma að málaflokknum, með einum eða öðrum hætti til fundarins, sem fer fram kl. 9:15 – 11:15, í Hofi, Borgartúni 14, 7. hæð. Fyrri hluti fundarins verður opinn hagsmunaaðilum og notendum skv. fundarboði en síðari hluti fundarins verður með hefðbundnu sniði.

Tilgangur fundarins er að fara yfir stöðu í málefnum utangarðsfólks og leita leiða til úrbóta. Það verður best gert með því að varpa sem víðustu ljósi á vandann og hlusta á sjónarmið þeirra sem standa honum næst. Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2014-2018 rennur sitt skeið á árinu og tímabært er að hefja nýja stefnumótun. Fundurinn mun marka fyrstu skrefin í nýrri stefnumótun, en notendasamráð verður haft að leiðarljósi í þeirri vinnu.

Til að umræður verði markvissar á fundinum er óskað eftir að aðilar undirbúi að svara þremur eftirfarandi spurningum. Hver aðili hefur 5 mínútur til að gera grein fyrir máli sínu:

- 1) Hver er að mati þinnar stofnunar/samtaka helsti vandi sem blasir við utangarðsfólki í dag?
- 2) Hverjar eru lausnir á þeim vanda?
- 3) Hvernig á að forgangsraða lausnum?

### Uppfærð dagskrá:

09:15-09:30	Kynning á húsnæðisúrræðum utangarðsfólks og uppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar.
09:30-09:40	Kynning á álitum UA nr. 9164/2016 og viðbrögðum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við því.
09:40-11:40	Hringborðsumræður
11:40-11:55	Kaffihlé
11:55-13:45	Áframhald umræðna
	HLÉ
14:00-16:00	Fundur velferðarráðs heldur áfram skv. venjubundnu sniði.

Reykjavík, 01.08.2018

Heiða Björg Hilmisdóttir,  
formaður velferðarráðs